

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um heimtingu brennivíngjalds.

1873.

25. marz.

Eptir að hingað hafði borizt álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, 29. júní f. á., um bænarskrá, þar sem íslenzkir kaupmenn nokkrir hér í borginni höfðu farið þess á leit, að gjörð yrði leiðrétting á ýmsum annmörkum og ófullkomlegleikum, sem þeim þókti vera á tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 26. febr. f. á., og sem þeir nákvæmar höfðu skýrt frá, hefir stjórnarráðið skrifazt á um málið bæði við utanrikisstjórnina og við aðalskattastjórnina, og þar eptir skrifað sækendunum 15. dag þ. m. á þá leið, sem þér munuð sjá af fylgiskjalinu, sem er prentað eptir stjórnartíðindunum dönsku fyrir yfirstandandi ár; höfum vèr jafnframt sent sérhverjum lög-reglustjóra á Íslandi beina leið sumpart eitt exemplar af fyrnefndu prentuðu fylgiskjali, sumpart umburðarbréf til leiðbeiningar við útreikning fyrnefnds gjalds, — en af því látum vèr með þessu brèfi fylgja nokkur exemplör, — sumpart bók *R. W. Bauers „De vigtigste Landes og Stæders Maal, Vægt og Mønt“*, og er meðfylgjanda exemplar af bókinni ætlað landshöfðingjaembættinu.

Um leið og þetta gefst yður til vitundar, mælumst vèr til, að þér segið lögreglustjórunum í suðurumdæminu fyrir, að fara eptir því, sem sagt er í svari stjórnarráðsins til kaupmannanna, og vísið þeim til þess, sem sagt er í bók *Bauers*, ef umburðarbrèfið, sem þeim var sent, eigi hefir inni að halda næga tilsögn við gjaldheimtuna.¹

23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um dýralækni í suðuramtinu.²

15. apríl.

Í brèfi, dagsettu 27. f. m., hafð þér, herra landshöfðingi,

¹) Sama dag var hinum amtmönnum skrifað samhljóða bréf.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 170, 334.

1873.

15. apríl.

sem stíptamtmaður yfir Íslandi, tekið það fram, að þér yrðuð að álíta það æskilegt, að hafa, eins og á fyrirfarandi árum, dýralækni í suðurumdæminu, — en þar verður eigi sagt, að fjárkláðinn sé enn með öllu upprættur, þótt hann gjöri lítið vart við sig og að eins stingi sér niður á einstöku stað — og hafið þér, með því jafnaðarsjóður suðuramtsins eigi fremur nú en áður geti staðizt kostnaðinn við þetta án tillags úr landssjóðnum, stungið uppá, eftir að þér hafið borið yður saman við amtmann Berg Thorberg, sem 1. þ. m. hefir tekið við suðuramtinu, að veittir verði jafnaðarsjóði suðuramtsins 200 rd. til styrks af því fê, sem ákveðið er til óvissra útgjalda fyrir Ísland á reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, til launa handa dýralækni frá 1. maí til 31. desbr.

Út af þessu gefum vér yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, og segið landfógeta fyrir eins og með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

16. apríl.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um póstsendingar með herskipinu Fylla.

Til samlags við bréf dómsmálastjórnarinnar 2. þ. m. gefst yður til vitundar, að sjóliðsstjórnin hefir svarað brèfi dómsmálastjórnarinnar 20. f. m., sem vér sendum yður endurrit af, á þá leið, að skipstjóranum á skonnortuskipinu Fylla sé sagt svo fyrir, að hann skuli á meðan hann sé við Ísland, þá er hann komi við land, birta það fyrirfram, að svo miklu leyti því verður við komið, hvenær hann fari frá einum stað til annars, svo menn geti komið póstsendingum með skipinu, of menn æskja þess.